

Loftslagsstefna sveitarfélaga í Húnavatnssýslum 2024-2028

Maí 2025

Fyrirvari

Tengiliðir KPMG

Helena W Óladóttir

Verkefnastjóri

hwoladottir@kpmg.is

Hafþór Ægir Sigurjónsson

Hluthafi

hsigurjonsson@kpmg.is

Fyrirvari

Eftirfarandi skýrsla inniheldur niðurstöður á Loftslagsstefnu sveitarfélaga í Húnavatnssýslum, sem KPMG vann að beiðni SSNV fyrir hluta árs 2024.

Niðurstöður skýrslunnar byggjast á greiningu gagna og upplýsingum frá hagaðilum, af vinnustofu og vinnufundum.

Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um traustar heimildir sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstaðna skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er á höndum þeirra sem að málinu kunna að koma.





Efnisyfirlit

01 Inngangur

02 Framtíðarsýn og stefnuáherslur

8

01

Inngangur

Verkferli og uppbygging stefnu

Ferlið

Í upphafi árs 2024 hófst gerð loftslagsstefnu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra í samvinnu við Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV). Tilgangur verkefnisins var að skapa heildstæða stefnu sem gæti leitt sveitarfélög á Norðurlandi vestra áfram á sameiginlegri vegferð, með viðeigandi áherslum fyrir hvert og eitt sveitarfélag. Þau sveitarfélög sem að endingu tóku þátt í stefnumótuninni voru eftirfarandi: Húnabyggð, Húnaþing vestra og Skagaströnd.

Uppbygging stefnu

Loftslagsstefna sveitarfélaganna er byggð upp á framtíðarsýn (bls. 8), stefnuáherslum sem endurspegla langtímamarkmið (bls. 9). Einnig er í skjalinu umfjöllun um það umhverfi sem sveitarfélögin eru í og markmið yfirvalda og tækifæri og áskoranir er snert geta stefnuáherslur sveitarfélaganna (bls.10-15).

Stefnan var mótuð á sameiginlegri vinnustofu sveitarfélaganna og í samráði við tengiliði sveitarfélaganna. Á vinnustofunni var lögð áhersla á að draga fram sýn og markmið, tryggja að stefnuáherslurnar væru raunhæfar og framkvæmanlegar. Einnig voru ræddar hugmyndir að mögulegum aðgerðum sem tekið gætu mið af bæði núverandi aðstæðum og framtíðaráskorunum en ítarlegri vinnu þarf til mótunar aðgerðaáætlunar með stefnunni.

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Sveitarfélög standa frammi fyrir margvíslegum áskorunum vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Sveitarfélögum ber að setja sér loftslagsstefnu skv. 5. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál sem skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, upplýsingar um kolefnisjöfnun starfseminnar, auk aðgerða til að ná skilgreindum markmiðum.

Tilgangur laganna er að stuðla að því að hið opinbera sýni gott fordæmi í verki við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og er í samræmi við markmið íslenskra stjórnvalda um kolefnishlutleysi Íslands 2040. Markmiðið var sett fram haustið 2017 í stjórnarsáttmála og lögfest þann 25. júní 2021, með breytingu á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012. Jafnframt hafa íslensk stjórnvöld lýst því yfir að Ísland muni taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópusambandsins um að draga úr losun um 55% fram til 2030, miðað við losunartölur frá árinu 1990.

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum er eitt helsta stjórnþæki yfirvalda til að standa við skuldbindingar landsins. Fjöl margar aðgerðir byggja á samstarfi við sveitarfélög og mikilvægt er að rekstur þeirra og ákvarðanir séu í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra um aðgerðir í loftslagsmálum. Einnig er það á hendi sveitarfélaga að taka ákvarðanir um aðlögunaraðgerðir til að tryggja íbúum möguleika til framtíðarbúsetu þar sem áhrifa af hlýnun loftslags kemur til með að gæta.


Markmið og tilgangur loftslagsstefnu í Húnavatnssýslum

Markmið og tilgangur loftslagsstefnunnar er að sveitarfélögin í Húnavatnssýslum verði til fyrirmyndar í loftslagsmálum og aðgerðir skili raunverulegum ávinningi. Þannig taka þau virkan þátt í að Ísland standist skuldbindingar sínar um kolefnishlutleysi árið 2040.

Metnaðarfull markmið í loftslagsmálum fela í sér tækifæri fyrir sýslurnar hvað varðar uppbyggingu innviða og atvinnugeira á grænum lausnum.

Sveitarfélögin á Norðurlandi vestra, að frátöldum Skagafirði, setja sér sameiginlega loftslagsstefnu sem tekur gildi árið 2024. Stefnan er mótuð til fjögurra ára og verður endurskoðuð árið 2028.

Framundan er að sveitarfélögin móti aðgerðaáætlun til stuðnings stefnunni.



02

Framtíðarsýn og stefnuáherslur

Framtíðarsýn

„Sveitarfélögin í Húnavatnssýslum eru leiðandi í loftslagsmálum og rekstur þeirra tekur mið af loftslagsmálum á öllum sviðum. Íbúar eru meðvitaðir um mikilvægi sjálfbærnihugsunar og að sjálfbært og öflugt samfélag er lykill að árangri í loftslagsmálum.“

Stefnuáherslur

Byggðapróun

Þróun og skipulag byggðar taki mið af breytingum sem vænta má vegna hlýnunar loftslags og samfélagið sé vakandi fyrir tækifærum og áhættum sem í breytingunum felast.

Sveitarfélögin nýti umhverfisvæna og fjölbreytta orkugjafa, vinni að auknu matvæla- og orkuöryggi í landshlutanum og taki virkan þátt í orkuskiptum.

Matvælaframleiðsla

Hvatt verði til loftslagsvænni landbúnaðar, sjávarútvegs- og matvælaframleiðslu, t.d. með ræktun nýrra tegunda og fullvinnslu afurða í landshlutanum.

Nýsköpun

Sveitarfélögin styðji við nýsköpun sem hefur að markmiði að draga úr losun.

Hringrás

Sveitarfélögin verði leiðandi í hringrás með bættri úrgangsstjórnun.

Atvinnustarfsemi verði hvött til að fullnýta hráefni og afurðir.

Kolefnishlutleysi

Dregið verði markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri sveitarfélaganna og óhjákvæmileg losun verði kolefnisjöfnuð með viðurkenndum hætti.

Um byggðapróun

Fátt ef nokkuð mun hafa jafn mikil áhrif á samfélag manna í framtíðinni og loftslagsbreytingar. Um er að ræða hnattrænt viðfangsefni þar sem áhrif hlýnunar jarðar mun hafa víðtæk áhrif á gróður og vistkerfi, búsetumynstur, atvinnulíf og afkomu. Hvað varðar áhættu vegna loftslagsbreytinga á Norðurlandi vestra mun sjávaryfirborðshækkun verða óveruleg en hins vegar er ljóst að hlýnun mun hafa áhrif á gróðurþekju s.s. aukna grænkun og hækkun gróður- og skógarlínu.

Sveitarfélög eru virkir þátttakendur í orkuskiptum en samgöngur er annar stærsti losunarpáttur Norðurlands vestra, á eftir landnotkun. Samgöngur eru miklar í landshlutanum, bæði gegnumakstur og akstur innan sveitarfélaganna. Efla þarf innviði til að styðja við orkuskipti og stuðla að vistvænum samgöngum.

Breytingar á íbúasamsetningu, möguleg fjölgun flóttafólks vegna loftslagsmála og áskoranir í atvinnulífi eru dæmi sem íbúar landshlutans nefna í tengslum við áskoranir og tækifæri í loftslagsmálum.

Í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum er fjallað sérstaklega um hvernig haga megí skipulagsgerð í tengslum við loftslagsmál og mikilvægt er að sveitarfélögin hafi það í huga við þróun byggðar til framtíðar.

Tækifæri

Á svæðinu eru ýmis tækifæri til loftslagsvænnar landnýtingar, s.s. endurheimtar og ræktunar. Tækifæri geta verið til ylræktunar á svæðinu og ræktunar nýrra nytjajurta í landbúnaði.

Fjölgun íbúa vegna loftslagsbreytinga getur eft svæðið í formi vinnuafis og nýrra hugmynda.

Virk þátttaka í orkuskiptum með uppbyggingu innviða til aukinnar rafvæðingar í samgöngum.

Áhættur

Öfgar í veðurfari geta skapað álag á innviði, valdið skriðuföllum, þurrkum og hættu á gróðureldum.

Íbúar landshlutans mátu engar áhættur brýnar heldur voru aðeins skilgreindar langtímaáhættur, þ.e. líkur eru á því að áhættur raungerist eftir 5 ár eða síðar.

Um matvælaframleiðslu

Sveitarfélögin á Norðurlandi vestra byggja að miklu leyti á matvælaframleiðslu, þ.e. landbúnaði og sjávarútvegi. Stuðla þarf að þróun greinanna til loftslagsvænni framleiðsluhátta með markvissri nýsköpun.

Aukin hringrás í nýtingu auðlinda dregur úr sóun og getur skapað verðmæti. Í aðgerðaáætlun yfirvalda í loftslagsmálum kemur fram að heildstæð ráðgjöf um loftslagsmál í landbúnaði verði efld og styrkjaumhverfi hvetji bændur til hagkvæmari og loftslagsvænni búskaparhátta.

Hvoru tveggja getur orðið bændum hvatning til nýsköpunar og þróunar í matvælaframleiðslu á svæðinu. Í aðgerðaáætlun yfirvalda í loftslagsmálum kemur fram að vinna þurfi að aukinni gæðastýringu í landbúnaði og bættri nýtingu og meðhöndlun áburðar sem hluti af þróun greinarinnar.

Í áðurnefndri aðgerðaáætlun er einnig fjallað um mikilvægi þess að greina ávinning nýlegra breytinga á regluverki um viðbótaraflaheimildir rafvæddra strandveiðibáta.

Tækifæri

Tækifæri til að hafa áhrif á og stuðla að aukinni nýsköpun í landbúnaði og matvælaframleiðslu, t.d. með virku samtali við yfirvöld og hagaðila. Horfa má til árangurs í sjávarútvegi og þá þróun sem þar á sér stað í átt að loftslagsvænni framleiðsluháttum.

Þá geta tækifæri falist í rafvæðingu strandveiðibáta og breytingum á tegundasamsetningu á veiðislóð.

Áhættur

Skortur er á hvata í löggjafarumhverfinu til að nýta hráefni betur.

Flutningur tegunda vegna breytinga í hafi getur verið áskorun í sjávarútvegi. Nýjar tegundir koma inn en aðrar færast fjær landinu eða á önnur hafsvæði.

Um hringrás

Atvinnustarfsemi, framleiðsla og neysla á svæðinu krefst auðlindanotkunar og til verður úrgangur sem jafnframt er ónýtt auðlind. Aukin hringrás getur spornað við neikvæðum loftlagsáhrifum, dregið úr þörf fyrir nýtt hráefni, minnkað sóun og kolefnisfótspor.

Aukin meðvitund um ábyrga neyslu og bætt úrgangsstjórnun í sveitarfélögunum dregur úr þörf fyrir urðun og förgun.

Á svæðinu er urðunarstaður sem þjónar stórum hluta landsins og með bættri meðhöndlun má breyta úrgangi í verðmæti.

Í sveitarfélögum eru mörg tækifæri til að efla hringrásarhagkerfið og þannig stuðla að samdrætti í losun.

Tækifæri

Aukin tækifæri eru til nýtingar hráefna og hringrásar á svæðinu ef horft er til matvælaframleiðslu, orku, byggðapróunar og kolefnishlutleysis. Slík tækifæri leynast m.a. í fullvinnslu afurða í heimabyggð og nýtingu hliðarafurða.

Áhættur

Með takmarkaða hringrás auðlinda er hættu á því að verðmæti tapist og kolefnisspor sveitarfélaganna stækki, sem vinnur gegn markmiðum þeirra í loftlagsmálum.

Um nýsköpun

Þörf er á margvíslegum lausnum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá öllum sviðum samfélagsins. Nýsköpun í orkuöflun og uppbygging nýrra orkukosta, s.s. vindmylla, sólarSELLA og hámörkun vatnsaflsvirkjana, dregur úr þörf fyrir notkun jarðefnaeldsneytis. Sömuleiðis er mikilvægt að tryggja flutningsgetu orkumannvirkja og tryggja orkuöryggi í landshlutanum.

Landsvæði í Húnavatnssýslum er á margan hátt hentugt til að binda kolefni. Verkefni á sviði kolefnisbindingar í landshlutanum geta því verið arðbær til framtíðar.

Skv. skýrslu um kolefnisspor Norðurlands vestra á landnotkun, og þá fyrst og fremst framræsla votlendis, langstærstan þátt í losun gróðurhúsalofttegunda á svæðinu. Af því leiðir að endurheimt er jafnframt árangursrík leið til að draga úr losun, eins og segir í skýrslu um kolefnisspor landshlutans:

„[...]endurheimt votlendis á óræktuðum framræstum jarðvegi er árangursríkasta leiðin til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Norðurlandi vestra. Endurheimt votlendis hefur einnig þann kost að árangur skilar sér nánast frá fyrsta degi, því að oxun kolefnis stöðvast nánast um leið og svörðurinn blotnar.“¹

¹ Environice (2020): *Kolefnisspor Norðurlands vestra* (bls. 30), sjá <https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/kolefnisspor-nv-lokautgafa.pdf>

Tækifæri

Hvatar til nýsköpunar, styrkir og stuðningur yfirvalda fela í sér tækifæri til þróunar grænna lausna á ýmsum sviðum.

Tækifæri eru á svæðinu til aukinnar orkuvinnslu sem mun stuðla að auknu orkuöryggi fyrir sveitarfélögin.

Möguleikar eru til kolefnisbindingar sem hluti af mótvægisaðgerðum vegna losunar gróðurhúsalofttegunda. Tækifæri eru til beitarstýringar, aukinnar skógræktar og endurheimtar votlendis á svæðinu.

Áhættur

Aðgerðir yfirvalda sem áhrif hafa á rekstur og þróun sveitarfélaga geta verið áhættuþáttur þegar kemur að loftslagsmálum. T.d. skattlagning og framlög ríkisins til loftslags- og orkumála.

Tryggja þarf viðeigandi eftirlit vegna þátttöku á kolefnismarkaði.

Um kolefnishlutleysi

Sveitarfélögin skulu beita sér fyrir því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá eigin rekstri. Með eigin rekstri er átt við rekstur allra þeirra eininga sem tilheyra sveitarfélaginu, t.d. rekstur skrifstofa, skóla, sundlauga og bókasafna.

Óhjákvæmileg losun skal kolefnisjöfnuð með viðurkenndum hætti og þannig stefna sveitarfélögin að kolefnishlutleysi af starfsemi sinni.

Losun á vegum sveitarfélaga er af margvíslegum toga og því eru áskoranir miklar í að ná utan um losunarbókhaldið. Að sama skapi felur verkefnið í sér dýrmæt tækifæri til samdráttar í losun. Það getur einnig falið í sér ýmsar hagfelldar breytingar til lengri tíma, bættu auðlindanýtingu og að dregið sé úr margvíslegri sóun.

Kolefnishlutleysi í rekstri sveitarfélaganna styður við áform Íslands um kolefnishlutleysi árið 2040.

Tækifæri

Tækifæri eru til samdráttar í losun vegna eigin orkunotkunar, húshitunar og úrgangsstjórnunar.

Möguleikar eru einnig fyrir hendi til að hvetja verktaka og þjónustuveitendur til að draga úr losun.

Áhættur

Vöntun er á upplýsingum og gögnum um losunarbókhald sveitarfélaganna.

Skortur á langtímahugsun og óvissa um fjármögnun aðgerða getur komið í veg fyrir að áform um kolefnishlutleysi nái fram að ganga.





kpmg.com/socialmedia

Upplýsingar í skjali þessu eru almennar og er ekki ætlað að ná til aðstæðna tiltekins einstaklings eða lögaðila. Þó að við leitumst við að veita nákvæmar og tímanlegar upplýsingar er ekki um að ræða neina tryggingu fyrir því að slíkar upplýsingar séu nákvæmar á þeim degi sem tekið er við þeim eða að þær verði nákvæmar í framtíðinni. Enginn ætti að taka ákvarðanir á grundvelli slíkra upplýsinga nema leita fyrst viðeigandi ráðgjafar sem taka myndi mið af aðstæðum viðkomandi aðila.

©2025 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.